

Mál nr. 73/2019**M og
V v/ slysatryggingu launþega X****Ágreiningur um „slysaugtak“ váttryggingarskilmála vegna atviks 6. febrúar 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18. febrúar 2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11. mars 2019, ásamt tölvupósti frá X, dags. 8. janúar 2018.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi hlotið líkamstjón þegar hann var á leið niður af tengivagni á deiglubíl. M kveðst hafa ætlað að stíga á neðra þrep vagnsins en ekki hitt á það þar sem þrepið hafi verið innkylt og M hafi því þess í stað lent harkalega á jörðinni með þeim afleiðingum að hann hafi fengið slynk á bakið. M kveðst hafa leitað til læknis daginn eftir og hafi síðar verið greindur með brjós-klos.

M telur að líkamstjón hans megi rekja til slyss í skilningi váttryggingarskilmála og vísar til þess sem kemur fram í læknisvottorði dags. 6. febrúar 2018 um að hann hafi fallið við eftir að hafa ætlað að stíga á þrep sem ekki var til staðar og þannig hlotið slink á lendhrygg. M telur að það sem komi fram í læknisvottorðinu sýni samskipti M og læknisins daginn eftir atvikid ári áður og feli því í sér sönnun um það. Einnig telur M að verkstjóri X hafi ruglað saman tveimur atvikum í skýringum sínum sem og að hann hafi ekki áður fengið brjós-klos þannig að hann eigi nú við að stríða afleiðingar þessa atviks 6. febrúar 2017.

V telur ósannað að M hafi hlotið líkamstjón 6. febrúar 2017 vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar, eins og áskilið er í váttryggingarskilmálum slysatryggingar launþega. V vísar til þess að ekki sé skráð slys á þessum tíma í atvikaskrá X en M hafi talað um bakverki í febrúar 2017 án sérstakrar tilvísunar til þess sérstaks atviks. V mótmælir því að lýsing atvika í læknisvottorði frá 6. febrúar 2018 sé hægt að leggja til grundvallar sem sönnun atvika þar sem í sjúkraskrá M komi fram færsla frá sama læknis þar sem eingöngu sé skráð að M hafi fengið slink á bak og gömul bakveikindi hafi tekið sig upp.

Álit.

Í váttryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í váttryggingarskilmálum váttryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 2. gr. skilmála slysatryggingar launþega hjá V. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi váttryggingarskilmála. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu M sjálfs um að hann hafi verið að stíga niður og fengið við það slink á bak. Verður, við þær aðstæður, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar við fall, þar sem áhrif á líkama urðu án þess að fall kæmi til, heldur þannig að M steig niður. Atvikid fellur því ekki undir hugtakið slys í skilningi váttryggingarskilmálanna og telst því ekki bótaskyld úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 2. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.